

Yðar einlægur verður að gera þá játningu að hann var ráðinn ritstjóri Bændablaðsins án þess að hafa stigið fæti inn í almennilegt nútíma hátækniþjóf. Þetta er að sjálfsgöðu ófyrirgefanlegur skortur á lífsreynslu fyrir mann í minni stöðu. Þetta sagði ég Baldri Helga Benjamínssyni framkvæmdastjóra Landssambands kúabænda heldur niðurlútur og spurði hvort hann hefði einhver ráð við þessu. Hann hugsaði sig um eitt andartak og sagði svo: – Þú ferð bara austur í Stóru-Hildisey I í Austur-Landeyjum og heimsekir hann Pétur Guðmundsson, hann er sennilega sá tæknivæddasti um þessar mundir.

Nokkrum dögum síðar var ég svo kominn austur undir Markarfljót á frostköldum, björtum nóvemberdegi, eftir að hafa horft á Heklu og Þrihyrning og Eyjafjallajökul af þvilikum unaði að lá við slysi. Vestmannaeyjar sáuust þó ógreinilega úr heimreiðinni því það var bakki suðurundan landinu. Þarna ók ég framhjá afleggjaranum að Kanastöðum þar sem hann Diðrik frændi minn bjó á sinni tíð og fyrr en varði blasti nýja fjósið hans Péturs við.

Pétur tók mér vel og leiddi mig í fjósið sem er stálgrindarhús frá Landstólpa og stendur rétt austan við þar sem gamla fjósið var en það hefur verið jafnað við jörðu. Við göngum inn í mjólkurhúsið og þaðan í stjórnklefann þar sem bændur nútímans geta haft yfirsýn yfir allt það sem gerist í fjósinu. Í gegnum stóran glugga blasti við mér kúahjörðin, á annað hundrað gripa þegar allt er talið, frá ráðsettum miðaldra mjólkurdrottningum niður í nýfædda kálfa, skjálfaði á beinunum í bókstaflegum skilningi, þótt ekki hafi verið kalt í húsinu.

Löngunin stjórnar umferðinni

Á hægri hönd voru legubásar fyrir mjólkurkýrnar en þar voru 65 mjólkandi kýr þennan dag í 80 básum. Til vinstri voru fôðurbásarnir og handan við þá ungviðið, kálfarnir næstir okkur en kvígurnar fjær. Ungnautin eru hins vegar færð í annað hús þegar þau hætta að vera mjólkurkálfar og alast þar upp fram að slátrun.

Umferð um þetta mikla fjós stjórnast af löngun eftir fôðri sem rekur kýrnar í eilífa hringrás, þótt löngunin til að láta mjólka sig komi þar að sjálfsgöðu einnig við sögu. Hefðbundinn mjaltatími er ekki lengur við lýði því kýrnar stjórna því sjálfar hvenær þær eru mjólkaðar.

Þegar löngunin til mjalta eða sulturinn sækir að stilla þær sér upp í biðröðina fyrir framan mjaltapjóninn sem er af ættbálki de Laval. Hann tekur þeim opnum örnum, mælir út á þeim spenana og þvær þá. Svo fara mjaltahólkarnir af stað, þefa upp sinn spena og byrja að totta. Hver hólkur er sjálfstæður og þegar rennslið í spennum er komið niður fyrir 215 ml á mínútu dregur hann sig í hlé og þvær sér áður en næsta kýr mætir á svæðið.

Að mjóltum loknum opnast hlið inn í fyrirheitna landið, fôðurbásana fulla af heyi og kjarnfóðri. Þar er hámað í sig þangað til viðkomandi (nei, þær heita ekki neitt hjá Pétri, bera bara númer) stendur á blístri. Þá er farið út um annað hlið inn í legubásinn, lagst þar fyrir og byr-



Pétur Guðmundsson bóndi í Stóru-Hildisey I við tölvuna sem stjórnar hverju smáatriði í fjósinu. /Ljós. Áskell.

Fögur veröld og ný fyrir kýr og menn

Ritstjóri Bændablaðsins stekkur inn í nútímann í Stóru-Hildisey I



Bedið eftir þjónustu.



Spenarnir mældir út.



Hér sést árangurinn.



Saddir, sælir og vel merktir smákálfar í fjósinu hjá Pétri.

að að jórtra. Þegar löngunin vaknar á ný fara þær næsta hring. Þannig gengur lífið fyrir sig hjá mjólkandi kúm í Stóru-Hildisey I.

Fljúgandi gular fôðurvagn

Mér þóttu þetta mikil undur og stórmerki en átti þó margt óséð. Pétur leiddi mig inn í fjósið og sýndi mér kálfana og kvígurnar og síðan lá

leiðin inn í fôðurgeymsluna sem er stúkuð af frá fjósinu. Þar hékk gullur Mullerup-vagn á einteinungi og beið þess að færa fjósverjum næringuna. Pétur sagði mér að vagninn væri forritaður þannig að hann færi 34 ferðir á sólarhring og gæfi hverjum hópi í fjósinu sinn skammt, þar af eru 22 ferðir til að gefa mjólkurkúnum. Hann sló inn tölur á fjár-

stýringuna til að flýta næstu ferð um nokkrar mínútur svo ég sæi vagninn að störfum.

Allt í einu lifnaði sá guli við og færði sig aftur fyrir heytætara en tveir slíkir stóðu á gólfinu, hvor með sína tegund af heyrúllu, annar með túngrös en hinn með fjölært rýgresi. Vagninn fékk sinn skammt af hvorri tegund og færði sig svo lengra þar til á vegi hans urðu tveir stútar á rörum sem lágu út í kornsiló sem stóð við hliðina á skemmunni. Þar meðtók hann bygg og kjarnfóður sem hann blandaði saman við heyið með hjálp snigils sem er í botni vagnsins. Pétur sagði að heyið mætti ekki vera of þurrt, þá blandaðist það ekki nógu vel saman við kjarnfóðrið. Helst vill hann hafa heyið passlega blautt í rúllunum. Alls getur þessi vagn blandað saman níu tegundum af fôðri en Pétur lætur sé nægja að vera með fjórar.

Þegar vagninn var kominn með fylli sína skrölti hann eftir teininum inn í fôðurbásinn, eða öllu heldur

það sem kalla má neðri deild mjólkurkúna á fôðursvæðinu. Því er nefnilega skipt upp í neðri deild og efri deild en í þeirri síðarnefndu eru hámmjólka kýr sem fá aukaskammt af kjarnfóðri. Sá guli gleymir heldur ekki kálfunum og kvígum sem fá líka sinn vísindalega útreiknaða skammt af fôðri með háttbundnu millibili.

Ekki er allt búið enn því tölvukerfið sér um að stjórna hitastigi og loftræstingu í þessu stóra húsi. Eftir mæninum endilöngum eru gluggar sem opnast og lokast eftir því hvaðan vindurinn blæs, oftast eru þeir lokaðir áveðurs og opnir hlémegin en í mestu hitum þarf að opna þá alla. Kerfið sér til þess að hitinn í húsinu fari ekki undir 3 gráður í plús.

Mannshöndin virðist ekki hafa miklu hlutverki að gegna í þessu fjósi.

Þriðji ættliður á Stóru-Hildisey

Að lokinni þessari sýningu förum við úr skónum og göngum upp stiga upp í lítinn sal með parketi á gólfi og hægindastólum og tókum upp spjall.

PéturGuðmundssoníStóru-Hildisey I í Austur-Landeyjum er þriðji ættliður sem stendur fyrir búrekstri á bænum. Afi hans flutti þangað árið 1937 og faðir Péturs tók við af honum 1957. – Hann veiktist og dó skyndilega árið 1982 og ég tók við fljótlega eftir það. Þá var hér blandað bú, en ég hætti fljótlega með sauðféð og er fyrst og fremst með kýr og svolítið af hrossum, aðallega til kjótframleiðslu. Nei, ég fer aldrei á hestbak en hef samt látið temja dálítið fyrir mig. Annars er ég aðallega í kjótframleiðslu, auk þess sem bein úr folöldum eru flutt á vegum SS til Þýskalands þar sem búinn er til úr þeim vaxtarhormón til að byggja upp beinvef en hann er notaður til að græða í fólk sem hefur lent í slysum.

Nú eru 65 mjólkandi kýr í fjósinu en þær voru um 30 þegar ég tók við. Fjósið var byggt 1957 og stækkað 1970, þá voru básar fyrir 32 kýr sem þótti nokkuð stórt á sinum tíma. Þetta var hefðbundið bása-fjós með rörakerfi fyrir mjaltir.

Pétur segist hafa gengið lengi með það í maganum að byggja nýtt fjós, enda hafi valið staðið á milli þess og að hætta þessu basli. – Ég byrjaði að láta teikna árið 2004, en smiðirnir komu hingað 11. apríl 2005. Þá var nýbúið að taka grunninn. Hér var svo byrjað að mjólka 17. nóvember í fyrra. Ungviðið kom inn um áramótin en fôðurvagninn fór ekki í gang fyrr en í mars. Á þessu ári hafa 44.000 mjaltir farið í gegnum mjaltapjóninn.

Pétur segir að í fyrstu hafi hann einungis verið með gömlu hjörðina sína en í mars keypti hann kúabú og kvóta austan úr Norðfirði. Honum er ekkert gefið um að svara til um kvótaeignina og mér líður eins og ég sé að biðja konu á óræðum aldri um kennitölu. Loks fæ ég það uppgefið að framleiðslurétturinn sé um 360.000 lítrar.

Eitthvað hlýtur svona tækniundur að kosta. – Ójú, segir Pétur, þessi pakki kostar um það bil milljón á legubásinn og þeir eru 80. Inni í þeirri tölu er húsið og allar vélbúnaður. Þetta er eins og tvö þokkaleg raðhús í Reykjavík, segir hann. En stendur þetta undir sér í rekstri?



Mullerupvagninn er að ná sér í kjarnfóður og korn. Vinstra megin eru tætararnir sem Pétur þarf að fôðra á heyrúllum.



Vagninn er búinn að sækja fylli sína af fôðri og snarast fyrir hornið inn í fjósið.



Kýrnar hafa greinilega tekið þann gula í sátt, enda víta þeir að hann kemur færandi hendi.

– Já, það var reiknað út þannig að það stæði undir sér. Vonandi gengur það eftir en það eru alltaf einhverjar hræringar í gangi, bæði í pólitíkinni og WTO-samningum, sem gætu kippt undan manni fótunum á einni nóttu, bætir hann við.

Miklu betra fyrir kýrnar

Þótt Pétur hafi ekki náð því að handmjólka man hann tímana tvenna í þessum rekstri. Hver er munurinn á þessu og gömlu tækninni?

- Það er allt miklu léttara núna, ekki eins mikið líkamlegt streð. Við-
veran er töluverð en maður er ekki bundinn við að fara í fjós kl. 8 á morgnana og sex á daginn. Nú fer ég aðallega í fjós til þess að líta eftir, það eru alltaf einhverjar kýr sem þarf að aðstoða og fylgjast með. Svo taka uppeldisstörfin sinn tíma, það þarf að sinna litlu mjólkurkálfunum og kenna kvigunum á kerfið.

En hvað um kýrnar, hvernig líður þeim í þessari tækniveröld?

- Þetta eru langtum betri aðstæður fyrir kýrnar, það er ekki spurning að þeim líður miklu betur hér en þegar þær voru bundnar á gamaldags básum. Vissulega var það mikil breyting fyrir kýrnar að flytja úr gamla fjósinu og kostaði sitt í minni nyt og öðru. En eftir að fôðurkerfið komst í gang hafa til dæmis engir fôðrunarsjúkdómar komið upp og þetta er mun betra upp á spenastig og jógurbólgu, auk þess sem mjaltirnar eru betri. Það er hins vegar ekki komin reynsla á það hvort ég fæ meira út úr kúnum. Það tekur tvö ár að koma þessu kerfi á að fullu svo ég er hálfnaður í því ferli. En vélbúnaðurinn virðist gefa góða raun og ég er ánægður með hann.

Pétur segir að allflestar kýrnar venjist þessu kerfi strax. – Ég varð að losa mig við einhverjar kýr sem voru stífar og vanar öðru, en þetta verður enn léttara þegar ég verð eingöngu með kýr sem eru aldar upp í þessu kerfi. Það þarf ekki að hafa neitt fyrir þeim kúm sem passa inn í kerfið. Íslensku kýrnar eru hins vegar ákveðið vandamál, þær eru eins breytilegar og þær eru margar. Margar þeirra eru erfiðar í skapi og miðað við uppgöfin afköst ætti ég að geta framleitt þriðjungi meira en ég geri með þessari fjárfestingu ef kýrnar væru meðfærilegri. Það kom hingað sænsk kona til að líta eftir tækjunum og hún sagði að það færi nánast sami tíminn, 7-8 mínútur að meðaltali, í að mjólka hverja kú hér og í Svíþjóð og Noregi þar sem kýrnar mjólka miklu meira.

Skikkaður til að láta kýrnar út

Þau eru þrjú fullorðin á búinu, Pétur, sambýliskona hans og bróðir hennar en þau systkinin eru frá Póllandi. Þegar kerfið er búið að sanna sig vonast Pétur til þess að einn maður geti sinnt starfinu þar. Með því að hafa mann til að leysa sig af sér hann fram á að geta komist í fri eins og annað fólk

- Nú erum við tveir og ég get skroppið frá ef á þarf að halda. Ég veit ekki hvort ég er frjálfsari, þetta er öðruvísi frelsi. Ég get farið í fjós um kaffileytið ef ég ætla út um kvöldið. En maður getur alltaf átt von á því að fôðurvagninn eða mjaltþjónninn hringi eins og þeir gera ef eitthvað kemur upp á. Ég verð því að hafa símann á mér allan sólarhringinn. Mér skilst að ég geti látið þá senda mér SMS-skeyti en símaþúnaðurinn sem ég er með býður ekki upp á það.

Einu kvartar Pétur undan og það er að hann er skyldugur til að setja kýrnar út á sumrin. – Það er ætlast til þess að þær séu settar út í tvo mánuði á ári en það væri minni vinna fyrir mig að sleppa því. Þá þurfa þær að læra upp á nýtt að koma heim og láta mjólka sig. Ég var með þær á litlu túni hér nærri fjósinu og sumar kýrnar vildu ekki koma inn aftur. Aðrir bændur segja mér að þetta gangi mjög misjafnlega. Einn sagði þá sögu að allt hefði gengið vel þangað til í sumar, þá vildu þær alls ekki koma inn. Hann hafði enga skýringu á því af hverju þær létu svona.

Pétur segir hins vegar að auð-



veldara sé að sinna heyskapnum með þessari nýju tækni því þá sé hægt að vinna við hann á daginn en fara svo í fjósið á kvöldin. Þegar á heildina er lítið er hann ánægður með umskiptin og bjartsýnn á framtíðina.

Á þessum jákvæðu nótum yfirgef ég Stóru-Hildisey I og liður eins og þegar ég hafði rétt lokið við að lesa nýjustu Tom Swift-bókina forðum daga. Svei mér þá, var stjórnklefinn í fjósinu hans Péturs ekki svipaður og í bækistöðvum eldflaugafræðinganna í þeim ágætu bókum? Veröldin er bæði fögur og ný þegar ég ek vestur eftir Suðurlandinu.

Séð yfir legubásana 80. Til vinstri eru fôðurbásarnir og handan þeirra básar fyrir kálfa og kvígur.

KYRON

FULLVAXINN LÚXUSJEPPI

Á FRÁBÆRU VERÐI!

141 hestafla vél, tog 310 Nm
Sjálfskiptur eða beinskiptur

Glæsileg, þægileg innrétting

Byggður á grind og með hátt og lágt drif

SsangYong KYRON

KYRON er nýr jeppi frá SsangYong í S-Kóreu hlaðinn nýjungum.

Komdu, skoðaðu og prófaðu KYRON, því stuttur reynsluakstur segir meira en mörg orð.

Umboðsaðilar:
Bílasalan ÓS, Akureyri - s 462 1430
Bílhorni hjá Sissa, Keflavík - s 420 3300
Bílasala Austurlands, Egilsstaðir - s 471 3005

Bílabúð Bennna
Tangarhöfða 8-12
s. 590 2000 • fax 590 2099 • benni@benni.is